

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 79/2021**

**frá 5. febrúar 2021**

**um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1167 frá 6. ágúst 2020 um viðurkenningu á tækni sem notuð er í 48 volta nýtna hreyfilrafala með 48 volta/12 volta jafnstraums-jafnstraumsumriðil sem er notaður í hefðbundinn bruna-hreyfil og tiltekna tvinnrafknúnar fólksbifreiðar og tvinnrafknúin létt atvinnuökutæki sem nýsköpunartækni samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/631 <sup>(1)</sup>.
- 2) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1168 frá 6. ágúst 2020 um breytingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2016/587 að því er varðar nýttinn ytri ljósabúnað með ljósdíóðum í fólksbifreiðum sem geta gengið fyrir tilteknu óhefðbundnu eldsneyti <sup>(2)</sup>.
- 3) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

XX. viðauka við EES-samninginn verður breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 21aet (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/587):

„– **32020 D 1168**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1168 frá 6. ágúst 2020 (Stjtið. ESB L 258, 7.8.2020, bls. 27).“

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 21azc (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1339):

„21azd. **32020 D 1167**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1167 frá 6. ágúst 2020 um viðurkenningu á tækni sem notuð er í 48 volta nýtna hreyfilrafala með 48 volta/12 volta jafn-

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 258, 7.8.2020, bls. 15.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 258, 7.8.2020, bls. 27.

straums-jafnstraumssumriðil sem er notaður í hefðbundinn bruna-hreyfil og tiltekna tvinnrafnúna fólksbifreiðar og tvinnrafnúin létt atvinnuökutæki sem nýsköpunartækni samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/631 (Stjtið. ESB L 258, 7.8.2020, bls. 15).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvarðana (ESB) 2020/1167 og (ESB) 2020/1168, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (\*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/2020 frá 23. október 2020 <sup>(3)</sup>, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2021.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

**Clara Ganslandt**

*formaður.*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

<sup>(3)</sup> Verður birt.